



Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga

Stefnumótun 2010

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga (AÞ) er aflhvati atvinnulífsins í Þingeyjarsýslu. Félagið starfar á sviði ráðgjafar og nær starfssvæði þess frá Þingeyjarsveit í vestri til Langanesbyggðar í austri. AÞ er hlutafélag og samstarfsvettvangur sveitarfélaga, fyrirtækja, einstaklinga og hagsmunasamtaka á sviði atvinnu- og byggðamála. Meginhlutverk þess er að veita ráðgjöf og þjónustu sem hefur það meginmarkmið að stuðla að fjölbreyttu, öflugu og sjálfbæru atvinnulífi á starfssvæðinu og stuðla þannig að jafnvægi á sviði umhverfis, efnahags og samfélags.

Með afhvata atvinnulífsins er átt við að AÞ er leiðandi og leitast við að efla atvinnulíf á svæðinu með miðlun þekkingar og kortlagningu sóknarfæra sem byggjast á auðlindum og sérstöðu svæðisins. AÞ er mótandi afl í sameiginlegri atvinnuuppbyggingu sveitarfélaganna á starfssvæðinu og hefur frumkvæði að könnun atvinnutækifæra og kynningu á þeim fyrir frumkvöðlum og fjárfestum.

Hlutverk AÞ – hver er tilgangurinn með starfsemi félagsins ?

Hlutverk AÞ er að kynna kosti, möguleika og tækifæri til atvinnustarfsemi á svæðinu auk þess að standa vörð um og stuðla að eflingu atvinnulífsins með stuðningi, ráðgjöf og upplýsingagjöf.

Aðaláherslur eru:

- Fjölgun atvinnutækifæra og starfa á starfssvæðinu:
 - Stuðningur við frumkvöðla og sprotafyrirtæki með þátttöku og þróun.
 - Hafa frumkvæði að nýjum atvinnuverkefnum á starfssvæðinu.
 - Virkja og efla mannauð á starfssvæðinu.
 - Ráðgjöf um fjármögnunarleiðir verkefna t.d. í formi lána, styrkja og áhættufjármagns.
- Stuðningur við starfandi fyrirtæki og sveitarfélög:
 - Veita leiðsögn og ráðgjöf á sviði rekstrar og nýsköpunar.
 - Samráðsvettvangur sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga í atvinnu- og byggðamálum.
 - Stuðningur og eftirfylgni viðskiptahugmynda og þróunarverkefna viðskiptavina.
- Gagnagrunnur og upplýsingaveita:
 - Sérþekking á auðlindum, sérstöðu og atvinnutækifærum svæðisins.
 - Skipulögð söfnun upplýsinga á sviði atvinnu- og byggðamála.
 - Gera upplýsingar aðgengilegar fyrir notendur þeirra.

Framtíðarsýn AP – hvert stefnir félagið ?

- AP verði sameiginlegur vettvangur atvinnulífsins og sveitarfélaganna á sviði atvinnu- og byggðamála.
- Grunnstarfsemi og lágmarkspjónusta félagsins skýrt skilgreind.
- Tengslanet:
 - Sterk tengsl við einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og hagsmunasamtök í atvinnulífinu.
 - Hafa frumkvæði að því að mynda vettvang samtaka atvinnulífsins á starfssvæðinu.
 - Skilvirkara samstarf á milli AP og þeirra stofnana/félaga sem koma að þróun og uppbyggingu á starfssvæðinu og landsvísu.
 - Efla tengslanet frumkvöðla, sérfræðinga, atvinnurekenda og atvinnuþróunarfélaga til að miðla reynslu og þekkingu innan svæðis og milli landshluta á Íslandi.
- Sýnileiki:
 - Starfsemi og þjónusta AP þekkt á starfssvæðinu.
 - Fyrsti kostur þegar kemur að ráðgjöf og þjónustu á sviði rekstrar og atvinnuþróunar á svæðinu.
 - Sérþekking um aðstæður og tækifæri til atvinnuuppbyggingar og atvinnulíf á starfssvæði þess.
 - Heimasíða veiti góðar upplýsingar um starfsemi, verkefni AP, tækifæri, auðlindir, atvinnustarfsemi og byggð á starfssvæðinu.
- Stoðkerfi:
 - Öflugur stuðningsaðili við atvinnulíf á svæðinu.
 - Öflugt starfsfólk með reynslu og þekkingu á atvinnulífinu og starfssviðum félagsins.
 - Öflugur gagnagrunnur um atvinnulíf, samfélag og auðlindir á starfssvæðinu.
 - Samstarf við stofnanir, félög og sérfræðinga í sérhæfðum verkefnum.
 - Gott aðgengi að þjónustu félagsins.
- Uppbygging:
 - Kynna kosti, möguleika og tækifæri á starfssvæðinu fyrir nýja atvinnustarfsemi.
 - Styðja við og hvetja til nýsköpunar og frumkvöðlastarfs. Stuðla að fjölbreytni í atvinnulífinu.
 - Eftirfylgni með hugmyndum til að auka líkur á árangri fyrirtækja.
 - Bæta aðgengi að upplýsingum um fjármögnunarleiðir verkefna.
- Fjármál:
 - Föst fjárlög – tryggt rekstrarfé til að sinna grunnstarfsemi .
 - Fjármagnað af ríki, sveitarfélögum, aðildarfyrirtækjum og með verkefnatekjum.
 - Skilvirk áætlanagerð og nýting á fjármunum og rekstrarfé AP.
- Innra starf:
 - Skipurit, boðleiðir og verkferlar séu skýrir.
 - Gagnsæ starfsemi með jafnræði og gæði að leiðarljósi.
 - Starfslýsingar og ábyrgðarsvið starfsmanna skýrt skilgreint.
 - Hvatt til símenntunar, þjálfunar og persónulegrar færni starfsfólks.